

Stjórnarfundur WIFT á Íslandi
Kvikmyndaskóli Íslands
Miðvikudagur 19. mars, kl. 18:00

Úr stjórn mættu:

María Sigríður

Á google meet mættu:

Ríkey Konráðs

Ágústa Margrét Jóhannsdóttir

Lína Thoroddsen

Skatturinn

- Breyting á raunverulegum eiganda hjá skattinum er loksins frágengið. Við erum skráðar fyrir félaginu hjá skattinum.

Bíósýningar WIFT / Kvennaárs

- *Elsking* eftir Lilju Ingólfssdóttur verður sýnd
- Sýningardagur 15. Apríl. Ágústa ætlar að tala við Hrönn hjá Bíó Paradís upp salaleigu og verð ásamt sýningarrétti. Fá sal númer 2 sem tekur 130 í sæti.
- Maja ætlar að klára samtalið við Lilju Ingólfssdóttur upp á laun og athuga hvort hún sé til í að gefa afslátt á verðinu sem hún setti upp.
- Rukka 800 krónur fyrir meðlimi WIFT og 1500 krónur fyrir aðra.

- Fyrir maí mánuð að hafa *Dagurinn sem Ísland stöðvaðist*. Lína ætlar að heyra í Hröbbu upp á að tala um gerð myndarinnar.
- Sameina þá sýningu með aðalfundi, hafa aðalfund fyrir sýninguna.

Heimildarverkefni WIFT / Kvennaár

- Lína og Ágústa bera ábyrgð á þessu verkefni.
- Vantar hljóðmanneskju
- Bæta við spurningalista og skoða viðmælendur.
- Fyrir næsta fund eiga allar að vera búnar að kíkja á skjalið sem Maja útbjó í Kvennaárs 2025 og bæta við spurningalista og viðmælendur sem þær væru til í að sjá.
- Stefna á að fara í tókur eftir páska.

20 ára afmæli WIFT á næsta ári.

- Hafa ráðstefnu mögulega um vor eða haust í samstarfi við önnur WIFT félög.
- Árshátíð

Önnur WIFT félög?

- Ríkey skoðaði WIFT félög á norðurlöndunum. Mismunandi hvort félög séu að hleypha öllum sem styðja markmið WIFT.
- Sum félög eru með fyrirtæki sem bakhjarla - eitthvað sem WIFT á Íslandi ætti að skoða.

- Opna WIFT fyrir öllum sem styðja við markmið WIFT. Ríkey er búin að hafa samband við félögin á norðurlöndunum sem eru virk til þess að vita hvernig það gengur. Hún bíður enn eftir svörum frá þeim, ætlar fljótlega að minna á fyrirspurn sína.

Þjóðfundur Kvennaárs 2025 - Konur á aldrinum 16-30 ára.

- Rosalie, Jana Arnardóttir og Katla Gunnlaugs eru að fara á þjóðfund á vegum Kvennaárs. Þær eru að skrifa fréttapistil um hvernig fundurinn var og ætla leyfa okkur að vita hvernig var. Maja fær fréttir föstudaginn 21. mars.

Viðburðir

- Hafa Kaffispjall á næstunni á huggulegu kaffihúsi til þess að halda áfram að hitta meðlimi WIFT og mynda tengsl við fólk í bransanum - Kaffi Rósenberg 30. Mars.

Starfshættir WIFT

- Nauðsynlegt að afboða sig á fundi með góðum fyrirvara. Nauðsynlegt að flestir stjórnarmeðlimir WIFT mæti á fundum til þess að vera upplýstar um þau verkefni sem eru í gangi og til þess að uppfæra aðra stjórnarmeðlimi um þau verkefni sem sá hin sama ber ábyrgð á. Einnig til þess að hafa skoðun á ákveðnum málefnum sem koma á borð WIFT.
- Ríkey og Maja ætla að útbúa verkferla fyrir stjórnina. Verkferlar eiga að snúa að stjórnarmeðlimum og starfsháttum stjórnar. Sem dæmi þegar kemur að láta vita af því ef þú þarft að hætta í stjórn og hver er þá krafa til varamanna og skylda þeirra. Hver er krafa þeirra sem eru kosnir í stjórn hverju sinni og ábyrgð sem fylgir því að vera í stjórn. Athuga með að kjósa erlendan fulltrúa í stjórn og kjósa um það á aðalfundi.

Annað

- Þurfum að fá varanlegt heimilisfang fyrir félagið. WIFT er með skráð heimilisfang á Fiskislóð sem er gamla skrifstofa hjá fyrrum stjórnarmeðlim.
- Ágústa ætlar að athuga með tvær staðsetningar og fá leyfi hjá þeim til þess að skrá heimilisfang þar.